



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 8. Október 2024

Fundur hófst: 20:10

Fundi slitið: 22:35

**Fundinn sátu:** Markús Elvar Pétursson, Helga Veronica Foldar, Þóra Z. Þórðardóttir, Gabríel Pétursson, Freydís Björnsdóttir, Thomas Viderö og Rán Pétursdóttir

Funargerð ritaði: Rán

### Dagskrá

#### 1. Samþykkt fundargerða

- Fundargerð frá 1. Október 2024 samþykkt

#### 2. Samningur við SKFÍ

- Þóra fór yfir heimsókn SKFÍ í Þyt í síðustu viku.
- 100 manns greiða félagsgjald í SKFÍ Innkoma þeirra er 1.250.000,- og þau spurðu þar hvað væru margir sem greiða félagsgjalið hjá okkur og það eru 100 manns.
- Formaður þeirra tók svo til máls og náði mjög vel til sinna félagsmanna. Það kom fram í hans tölu að þau væru aðeins að skoða leigu á aðstöðu hér hjá okkur en ekki sameiningu eins og rætt hefur verið um í stjórn Þyts.
- Fyrirspurn kom einnig fram um það hvort að tveir félagsmenn mættu geyma zodiac hjá okkur. Það er ekki hægt að leyfa geymslu á bátum hjá Þyt sem ekki nýtast í starfi Þyts.
- Gabríel bendir á að þessi samningur sé tækifæri til að styrkja starf bæði Þyts og SKFÍ.
- Miklar umræður um umgengni í húsinu sem er vægast sagt ekki til fyrirmyndar. Það þarf að taka á henni áður en við bjóðum nýtt félag inn í húsið þannig að við setjum gott fordæmi fyrir nýtt fólk sem kemur inn í húsið.
- Niðurstaðan er að við þurfum að bæta inn í þennan samning því sem við viljum að fram komi í samningnum. Þóra tekur að sér að gera breytingatillögu og leggja fyrir stjórn.
- Tillaga frá Thomasi um leiguupphæð; leigja út 3.500 ISK per fermeter fyrir 12 fm = 504.000 á ári.

#### 3. Önnur mál

- Tiltektarkvöld Þóra leggur til að finna dagsetningu.
- Það þarf að koma lagi á seglaloftið, yfirfara þurrkherbergi, Costo kayaker – það þarf að gera við það.
- Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði 22. Október, kl. 19:30.